

# BLÆÐING Á 2. OG 3. ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU

## ICD 10 greining:

### O46.9 Blæðing á seinni hluta meðgöngu (>22v)

Blæðing á seinni hluta meðgöngu er mun sjaldgæfari en fyrstu 12 vikurnar. Hana þarf alltaf að taka alvarlega og krefst mats lækni í flestum tilvikum. Mikilvægt er að fá upplýsingar um meðgöngulengd, fylgjustaðsetningu, blóðflokk móður og barns og mögulega áhættuþætti eins og fjölburaþungun eða saga um fyrirburafæðingu.

Helstu orsakir eru:

- Blæðing frá leghálsi eða leggöngum t.d. vegna sepa, sýkingar, bólgu eða frá kirtilslímhúð legháls (ectropion)
- Leghálsbilun
- Fyrirsæt fylgja eða fyrirsætar æðar (vasa previa)
- Fylgjulos
- Hótandi fyrirburafæðing
- Byrjandi fæðing

Mikilvægt er að gera sér fljótt grein fyrir hve mikið blæðir og hvort verkir fylgja. Við blæðingu ætti ekki að þreifa upp á legháls fyrr en fylgjustaðsetning hefur verið könnuð og fyrirsæt fylgja útilokuð. Fylgjustaðsetning er skoðuð í 20 vikna sónar.

Ráðlagt er að hafa samband við mæðravernd/fæðingadeild eða sjúkrastofnun sem tekur ákvörðun um frekari skoðun.

Meðferð fer eftir orsökum blæðingar og getur þarfnast innlagnar á sjúkrahús.

Gefa þarf Rophylac® ef blóðflokkur móður er ekki þekktur.

Gefa þarf Rophylac® hjá Rh- móður þegar blóðflokkur barns er Rh+ eða blóðflokkur þess ekki þekktur.